

Nefndasvið Alþingis  
Utanríkismálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/1406*  
*komudagur 4.4.2014*

HVERFISGÖTU 105  
101 REYKJAVÍK

SÍMI 545 1200  
FAX 545 1212  
Netfang ns@ns.is  
www.ns.is


Reykjavík 4. apríl 2014

**Umsögn um þingsályktunartillögur er varða aðildarumsókn Íslands að ESB, 340. mál, 344. mál og 352. mál.**

Á þingi Neytendasamtakanna sem haldið var 19.-20. september 2008 var samþykkt svohljóðandi ályktun: „Þing Neytendasamtakanna telur tímabært að við látum reyna á það með aðildarviðræðum hvort hægt sé að ná viðunandi samningum í málum er varða sjávarútveg og landbúnað. Ljóst er að hagsmunir heimilanna í þessu máli eru það miklir að ekki er ástæða til bíða lengur að láta reyna á þessa þætti með aðildarviðræðum. Það yrði að sjálfsögðu þjóðin sem tæki lokaákvörðun um ESB aðild í þjóðaratkvæðagreiðslu þegar samningar liggja fyrir.”

Neytendasamtökin eru því hlynnt því að aðildarviðræðum verði haldið áfram, þeim lokið og aðildarsamningur síðan lagður í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Virðingarfyllt  
f.h. Neytendasamtakanna

  
Jóhannes Gunnarsson formaður